

**53. fundur Byggingar-,skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Strandgötu 38,
5. maí 2021
og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Einir Steinn Björnsson (ESB), Aðalsteinn Magnússon (AM), Sigurvin Hreiðarsson (SH), Jóhann Birkir Helgason (JBH), Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Einir Steinn Björnsson, Formaður

Dagskrá:

1. Umsókn um breytingu á deiliskipulagi - 2009255

Tekin fyrir tillaga að deiliskipulagi fyrir Tálknafjarðarhöfn unnin af Landmótun.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd tekur jákvætt í endurskoðun á deiliskipulag hafnarinnar og vísar málinu til atvinnu- og hafnarnefndar.

2. Strandsvæðisskipulag - 2103057

Tekin fyrir drög að strandsvæðaskipulagi fyrir Vestfirði ásamt fundargerðum funda Svæðisráðs um gerð strandsvæðisskipulags Vestfjörðum. Fundargerðir frá fundi nr. 1 sem fór fram 01.04.2019, fundi nr. 2 sem fór fram 11.09.2019, fundar nr. 3 sem fór fram 03.03.2020 og fundar nr. 4 sem fór fram 24.06.2020

Lagt fram til kynningar.

Sigurvin víkur af fundi við afgreiðslu málsins vegna vanhæfis.

3. Lóð stærð lóðar við Dunhaga - 1905085

Tekin fyrir tillaga að lóðarblaði fyrir Dunhaga frá lóðarhafa ásamt tillögu að stækkan hússins. Jafnframt lögð fram tillaga frá byggingarfulltrúa að nýju lóðarblaði.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd tekur jákvætt í erindið en bendir á að semja þarf um flutning á spennistöð og færslu frárennslislagna áður en hægt verður að úthluta stærri lóð.

Sigurvin mætir aftur inn á fundinn.

4. Deiliskipulag í Hrafnadal - 2105001

Tekið fyrir minnisblað frá Ólafi Þór Ólafssyni sveitarstjóra er varðar skipulagsmál í Hrafnadal.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að hefja undirbúning að deiliskipulagi fyrir Hrafnadal.

5. Strandgata framkvæmdir 2021 - 2103040

Tekin fyrir umsókn um framkvæmdaleyfi vegna endurbyggingar á Strandgötu dags. í apríl 2021. Um er að ræða endurbyggingu á 1,7 km löngum kafla frá Strandgötu 2 að gatnamótum við grunnskólann.

Endurbyggingin er framkvæmd þannig að grafið verður burt núverandi burðarlag og styrktarlag götunar og fyllt upp með unnu efni. Rofverja á veginn frá Strandgötu 45 að gatnamótum við grunnskólann.

Meðfylgjandi umsókn eru hönnunargögn frá VBV verkfræðistofu.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd bendir á að framkvæmdin er unnin í samvinnu við Tálknafjarðarhrepp og leggur til við sveitarstjórnum að framkvæmdaleyfi verði gefið út fyrir framkvæmdinni.

6. Hólsá virkjun Hólsár - 2102649

Unnar Númi Almarsson frá Verkís HF kynnir drög að skýrslu fyrir frumhönnun á Hólsárvirkjun.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd þakkar Unnari fyrir kynninguna.

7. Umsókn um byggingarleyfi, vatnsendurvinnsla - 2104107

Tekin fyrir umsókn frá Arnarlax hf. dags. 20.04.2021 þar sem sótt er um byggingarleyfi fyrir 80 m² húsi undir vatnshreinsibúnað skv. teikningum M11 teiknistofu dags. 20.04.2021.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkti erindið með fyrirvara um samþykki landeiganda. Byggingarfulltrúa falið að veita byggingarleyfi að því loknu. Byggingarleyfisgjöld eru kr. 283.208,-

8. Hleðslustöð fyrir rafmagnsbíla við Íþróttamiðstöð Tálknafjarðar - 2103078

Tekinn fyrir tölvupóstur frá Þórði Skúlasyni f.h. Orkubú Vestfjarða dags. 11.03.2021 þar sem óskað er eftir samstarfi við Tálknafjarðarhrepp vegna uppsetningu á hleðslustöðva fyrir rafbíla á plani Íþróttamiðstöðvar á Tálknafirði.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd tekur jákvætt í erindið og leggur til við sveitarstjórnum að farið verði í samstarf við Orkubú Vestfjarða um uppsetningu á hleðslustöð við Íþróttamiðstöðina.

9. Snæból, umsókn um byggingarleyfi - 2104043

Tekið fyrir erindi frá Helgu Jónasdóttur dags. 13.04.2021 þar sem sótt er um byggingarleyfi fyrir 74,3 m² sumarhúsi á lóð Snæbóls í Tálknafirði skv. teikningum M11 Teiknistofu.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd bendir á að Snæból er á landbúnaðarsvæði, skv. Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 er heimilt að byggja allt að 4 frístundahús á lögþýlum.

Nefndin samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi.

10 Til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald (EES-reglur, hringrásarhagkerfi), 708. mál - 2104073

Tekin fyrir erindi frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis þar sem óskað er eftir

umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald (EES-reglur, hringrásarhagkerfi), 708. mál

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd fagnar breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir um ábyrgð framleiðanda og innflytjenda á plastvörum.

11 Til umsagnar tillögu til þingsályktunar um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands, 707. mál - 2104071

Tekið fyrir erindi frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn á tillögu til þingsályktunar um staðsetningu vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands, 707. mál

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:30.

Einir Steinn Björnsson (ESB)

Aðalsteinn Magnússon (AM)

Sigurvin Hreiðarsson (SH)
